

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1342****2021/EES/34/13****frá 14. mars 2019****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 með því að ákvarða
nothæfisflokka að því er varðar lofthleypni ofanljósa úr plasti og gleri og þaklúga (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 27. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Evrópustaðallinn EN 1873 um ofanljós úr plasti var upphaflega samþykktur af Staðlasamtökum Evrópu (CEN) árið 2005 og Evrópustaðallinn EN 14963 um samfelld ofanljós úr plasti árið 2006. Í þeim samhæfðu stöðlum var ekki um að ræða neina flokkun á nothæfi varanna, sem falla undir staðlana, að því er varðar mikilvæga eiginleika lofthleypni.
- 2) Til að sinna betur þörfum markaðarins ætti í nýjum útgáfum þessara staðla, EN 1873-1, EN 1873-2 og EN 1873-3, sem taka til ofanljósa úr plasti og gleri og loftlúga, sem og EN 14963, að vera flokkun á nothæfi varanna, sem falla undir staðlana, að því er varðar mikilvæga eiginleika lofthleypni. Flokkunin ætti að fela í sér þrjá nothæfisflokka.
- 3) Í samræmi við 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 305/2011 getur annaðhvort framkvæmdastjórnin eða evrópsk staðlastofnun ákvarðað nothæfisflokka að því er varðar mikilvæga eiginleika byggingarvara á grundvelli endurskoðaðs umboðs sem framkvæmdastjórnin gefur út. Þar sem nauðsynlegt er að ákvarða viðbótarnothæfisflokka, eins fljótt og auðið er, ætti framkvæmdastjórnin að ákvarða nýju nothæfisflokkanana. Í samræmi við 2. mgr. 27. gr. þeirrar reglugerðar á að nota þá flokka í samhæfðum stöðlum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Nothæfisflokkar að því er varðar lofthleypni eru ákvarðaðir fyrir ofanljós úr plasti og gleri og loftlúgur, eins og fram kemur í viðaukanum.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 211, 12.8.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2021 frá 23. apríl 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stjttíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Nothæfisflokkar að því er varðar lofthleypni ofanljósa úr plasti og gleri og þaklúga

Flokkur	Neðri viðmiðunarmörk innri þrýstings (4 Pa)	Efri viðmiðunarmörk innri þrýstings (100 Pa)
	Lofthleypni (í m ³ /(h.m))	
A (*)	< 1,4	< 12
B	≥ 1,4	≥ 12
C	≥ 6	≥ 50

(*) Að því er varðar Flokk A, til viðbótar við tilgreiningu flokksins, skal einnig tilgreina verstu mælingu allra þrýstingsstiga með því að nota eftirfarandi sniðmát: Flokkur A (innri þrýstingur (100 Pa), metinn lekahraði).

Athugasemd: Hægt er að reikna út mörk flokkanna, sem notuð eru í þessari töflu, með eftirfarandi formúlu:

$$Q = Q_{100} \cdot \left(\frac{P}{100}\right)^{2/3}$$

Þar sem:

Q er lekahraði í m³/klst. á hvern lengdarmetra ummáls ofanljóss meðan á prófun undir innri þrýstingi stendur

P er innri þrýstingur meðan á prófun stendur (í Pa)

Q₁₀₀ er lekahraði í m³/klst. á hvern lengdarmetra ummáls ofanljóss við innri þrýsting sem nemur 100 Pa

